

Fyrirspurn 25/2024  
Fyrirspyrjandi Liv Kari Eskeland (H)  
Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

## Skrifleg fyrirspurn varðandi nýjar reglur um tollskrárnúmer í Svíþjóð

### Til ríkisstjórnar Svíþjóðar

Með hliðsjón af svari við skriflegri fyrirspurn minni til samgönguráðherra Noregs (hjálagt) og spurningu minni og svari þínu í fyrirspurnartíma með samstarfsráðherrunum á Norðurlandaráðsþinginu í Reykjavík 30. október leyfi ég mér að fylgja því eftir með skriflegri fyrirspurn til ráðherrans:

Vörur sem fluttar eru milli suður- og norðurhluta Noregs fara sem stendur að langmestu leyti gegnum Svíþjóð, á járnbrautum og með vöruflutningabílum, því að það er stysta leiðin.

Farið er með farminn samkvæmt svonefndu einfölduðu umflutningsferli. Vöurnar eru fluttar yfir landamærin en með því að áfangastaðurinn er Noregur en ekki Svíþjóð ber ekki að leggja á þær toll.

Í janúar 2025 taka aftur á móti gildi nýjar reglur um tollskrárnúmer í Svíþjóð og þar með verður ekki lengur unnt að flytja þessar vörur gegnum sænskt landsvæði. Vöruflutningarnir eins og þeir hafa verið frá suðri til norðurs í Noregi gegnum Svíþjóð heyra því sögunni til. Af því gæti leitt að vörur verði frá árinu 2025 fluttar gegnum Noreg á vöruflutningabílum í stað járnbrauta gegnum Svíþjóð.

Norsk stjórnvöld hafa ekki haft nægilegan andvara á sér í þessu efni en hafa nýlega lagt tillögu að lausn fyrir sænsk tollayfirvöld. Á þessu liggur, vöruflutningafyrirtækin geta ekki beðið úrlausnar til áramóta.

Með vísan til þess sem að framan greinir er eftirfarandi fyrirspurn beint til samstarfsráðherra Svíþjóðar:

Telur ráðherrann að hún geti gripið til ráðstafana af hálfu Svía til að leysa málið þannig að við getum haldið áfram okkar góða samstarfi og sloppið við að breyta vöruflutningunum?

Reykjavík, 30. október 2024

Liv Kari Eskeland (H)